

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 318/1975 um Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Tónlistarskóli Kópavogs.

Nafn og markmið.

1. gr.

Tónlistarfélag Kópavogs stofnar hér með sjálfseignarstofnun, sem heitir Tónlistarskóli Kópavogs. Heimili skólans er í Kópavogi.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er rekstur tónlistarskóla sem starfar í Kópavogi.

3. gr.

Stofnfé Tónlistarskóla Kópavogs er kr. 120.666.603. Stofnféð greiðist með hljóðfærum, áhöldum og tækjum að bókfærðu verði kr. 5.380.492 og 27,5% eignarhluta í Tónlistarhúsi Kópavogs, sem greitt hefur verið fyrir með kr. 115.286.111 með skuldabréfi að upphæð kr. 100.000.000 og með peningum.

Stofnfé skólans skal aldrei verða að raungildi minna en kr. 600.000.

Stjórn og fjármál skólans.

4. gr.

Stjórn Tónlistarskóla Kópavogs skal skipuð fimm mönnum. Fyrstu stjórn skipa þrír menn tilnefndir af núverandi stjórn Tónlistarfélags Kópavogs og tveir kjörnir af bæjarstjórn Kópavogs til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Þegar stjórnarmaður, sem ekki er kjörinn af bæjarstjórn Kópavogs, hverfur úr stjórninni skulu stjórnarmenn sammælast um mann í stjórnina í hans stað. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn skulu eiga lögheimili í Kópavogi.

Stjórnin ræður skólastjóra að skólanum, samþykkir fjárhags- og starfsáætlun skólans, fylgir henni fram og ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur um starfsemi tónlistarskóla. Nánar skal kveðið á um störf stjórnarinnar, þeirra sem fyrir hana starfa og störf nemenda í skólareglum sem stjórnin setur.

5. gr.

Rekstur skólans skal kosta með styrk frá Kópavogsbæ, skólagjöldum nemenda, svo og öðrum þeim styrkjum sem skólinn kann að fá.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal valinn af stjórn skólans til eins árs í senn. Starfsár og reikningsár er frá 1. september til 31. ágúst.

7. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu og breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Tónlistarskóli Kópavogs skal tekin af stjórn hennar. Þarf atkvæði minnst fjögurra stjórnarmanna til að ákvörðun um niðurlagningu sé gild. Verði stofnunin lögð niður renna eignir til Tónlistarhúss Kópavogs eftir að skuldir hafa verið greiddar.

Samþykktir um breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar og um niðurlagningu hennar, svo og um veðsetningu eða sölu á fasteignum, skal bera undir dómsmálaráðherra í samræmi við lög nr. 19/1988.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Skiplagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. september 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bílaleigur nr. 398/2000.

1. gr.

Eftirfarandi leiguskilmálar bætast við 6. gr. reglugerðarinnar og er bílaleigum skylt að nota þá í viðskiptum sínum við leigutaka bifreiða.

2. gr.

Skilmálar þessir eru settir á grundvelli 6. og 8. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000 og öðlast þegar gildi. Leiguskilmálar þessir birtast sem fylgiskjal við reglugerð um bílaleigur nr. 398/2000.

Samgönguráðuneytinu, 1. október 2001.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.